

Smávirkjanasjóður SSNV

Úthlutunarreglur um styrki úr Smávirkjanasjóði SSNV Skref 2 - 2021

1. Markmið

Markmið með styrkveitingu er að gefa landeigendum tækifæri til að nýta landgæði betur og jafnframt að stuðla að auknu raforkuframboði og raforkuöryggi á Norðurlandi vestra.

Smávirkjanasjóður SSNV er hluti af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2020-2021.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fyrstu skref í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum á Norðurlandi vestra sem eru undir 10 MW að stærð.

Sjóðurinn veitir styrki til annars vegar: **Skref 1: Frummat smávirkjana** og hins vegar: **Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummati hönnunar og byggingarkostnaðar.**

Skref 1: Frummat smávirkjana

- ✓ Heimsókn á virkjunarsvæði
- ✓ Virkjunarkostur yfirfarinn og val á stíflustæði
- ✓ Ein rennslismæling á lágrennslistíma
- ✓ Athugun á miðlun vatns
- ✓ Áætlun um stærð virkjunar og frumúttekt yfirfarin
- ✓ Athugun á tengimöguleikum við raforkukerfið
- ✓ Verndarsvæði – mat á áhrifum á möguleikum á virkjun
- ✓ Skýrsla um niðurstöður á mati viðkomandi virkjunarkosts

Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummat hönnunar og byggingarkostnaðar

- ✓ Uppsetning vatnshæðarmæla
- ✓ Rennislíkan sett upp
- ✓ Mat á virkjanlegu rennsli virkjunarkosts eftir rekstur vatnshæðarmælis í 2 ár
- ✓ Frumhönnun virkjunar
- ✓ Frummat byggingarkostnaðar

2. Umsóknarfrestur fyrir Skref 2

Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummat hönnunar og byggingarkostnaðar

Á árinu 2021 verður ein úthlutun. Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2021.

3. Verklagsreglur

- A. Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félög eða fyrirtæki, með lögheimili á Norðurlandi vestra. Með umsókn skal fylgja samþykki þeirra landeigenda, sem málið snertir skv. lögum, fyrir rannsóknunum á því svæði þar sem fyrirhugaður virkjunarkostur er.
- B. Umsóknir skulu vera á eyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðu SSNV; www.ssnv.is.
- C. Umsóknir skulu sendar á netfangið: ssnv@ssnv.is
- D. Fagráð Smávirkjanasjóðs leggur mat á umsóknirnar og skilar tillögum til stjórnar SSNV fyrir 20. nóvember 2021.
- E. Forsendur umsóknar eru að fyrir liggi upplýsingar um þá þætti skoðaðir voru í Skrefi 1 Smávirkjanasjóðs SSNV og sjá má í fylgiskjali með umsókn. Um er að ræða eftirfarandi þætti:
- Virkjunarsvæðið hafi verið skoðað af sérfræðingi
 - Virkjunarkostur hafi verið yfirfarinn og stíflustæði valið
 - Ein rennismæling á lágrennslistíma liggi fyrir
 - Miðlun vatns hafi verið athuguð
 - Áætlun um stærð virkjunar og frumúttekt hafi verið yfirfarin
 - Tengimöguleikar við raforkukerfið hafi verið athugaðir
 - Áhrif á verndarsvæði hafi verið metin ef það á við
 - Kennitölur virkjunar liggi fyrir (sjá töflu 1 í fylgiskjali m. umsókn)
 - Gróf sundurliðuð kostnaðaráætlun liggi fyrir (sjá töflu 2 í fylgiskjali m. umsókn)
 - Mat á arðsemi virkjunar liggi fyrir (sjá töflu 3 í fylgiskjali m. umsókn)
- F. Við mat á umsóknum eru gefin stig fyrir eftirfarandi þætti:
- | | |
|--|-----------|
| a) Ítarleg áætlun um framkvæmd og kostnað við Skref 2, | (20 stig) |
| b) Framkvæmdaraðili, menntun og reynsla | (20 stig) |
| c) Áætluð stærð virkjunar / orkuframleiðsla | (20 stig) |
| d) Áætluð arðsemi virkjunar | (20 stig) |
| e) Áhrif virkjunar á verndarsvæði | (20 stig) |
- Samtals hámark 100 stig*
- G. Til þess að koma til álita um úthlutun þarf verkefnið að fá a.m.k. 60 stig og hafa hlotið a.m.k. helming stiganna í hverjum þætti fyrir sig.
- H. Ákvörðun um upphæðir styrkja er háð fjölda umsókna, heildarfjárhæð sem er til úthlutunar og stigamati skv. lið F.
- I. SSNV og styrkhafi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag á greiðslum, skil á skýrslu og eftirfylgni. Starfsmenn SSNV sjá um samningsgerð og eftirfylgni við styrkhafa.
- J. Niðurstöður þeirra rannsókna, sem gerðar verða með styrk úr Smávirkjanasjóði SSNV, eru opinber gögn. Niðurstöðurnar verða birtar á heimasíðu SSNV og sendar Orkustofnun.